

# Hagsmunagæsla Íslands gagnvart ESB

## Forgangsmál 2018

### Árangursmat, desember 2018

Ríkisstjórn Íslands samþykkti hinn 11. maí 2018, að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis og hagsmunaaðila, forgangslista ríkisstjórnarinnar yfir þau mál í lagasetningarferli hjá Evrópusambandinu (ESB), sem metin eru sem forgangsmál út frá íslenskum hagsmunum fyrir 2018. Annars vegar er um að ræða mál þar sem enn er unnið að stefnumótun og mótun tillagna hjá framkvæmdastjórn ESB. Hins vegar geta mál verið komin á vinnslustig en þá hefur framkvæmdastjórnin þegar lagt fram tillögu að lagasetningu til ráðsins, þ.e. aðildarríkja ESB, og Evrópuþingsins.

Málaflokkarnir sem settir voru í forgang eru matvælaöryggi, orkumál, loftslagsmál, umhverfis- og úrgangsmál, samgöngumál, innri markaður, samkeppnisréttur, stafrænn innri markaður, fjármálastarfsemi, rannsóknir og nýsköpun, menntun og menning, betri reglur, lyfjamál, vinnumarkaðurinn, almannatryggingar og loks jafnréttismál. Hverju máli fylgdi rökstuðningur fyrir því að málið væri í forgangi, tilgreint var hvar málið væri statt hjá ESB og lagðar voru til aðgerðir til að hafa áhrif.

Tillögur um aðgerðir eru mismunandi eftir málaflokkum og miðast meðal annars við hagsmuni, afstöðu og markmið Íslands í málinu, hvar málið er í lagasetningarferlinu hjá ESB og hvernig er best að ná settum markmiðum. Sameiginlegir mælikvarðar til að meta árangur eru því ekki augljósir en þó er hægt á þessu stigi að miða við hvort sérstakir fundir hafa verið skipulagðir um málið og afstöðu Íslands komið á framfæri gagnvart ESB og hvort merkjanlegur árangur hafi náðst á einstökum stigum.

Varðandi **tillögu um áburð** hélt Ísland fjölda tvíhliða funda á árinu 2018 með framkvæmdastjórninni og aðildarlöndum ESB, meðal annars Frakklandi, Belgíu og Eistlandi, til að vekja athygli á sérstöðu Íslands og áhrifum þess að lífrænn áburður sé í frjálsu flæði. Áhættumat vegna áhrifa lífræns áburðar á íslenskt vistkerfi var einnig unnið og komið á framfæri við framkvæmdastjórnina, ráðið og Evrópuþingið í nóvember 2018.

Í tengslum við **áætlun ESB um þol gegn sýklalyfjum** fylgdist Ísland með umræðunni innan ESB. Eins og stendur er ekki grundvöllur fyrir því að setja reglur á vettvangi ESB. Málið er til umræðu hjá fjölmörgum alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að og því er brýnt að fylgjast með umræðunni, sérstaklega í samvinnu við Noreg og önnur Norðurlönd.

Varðandi tillögu um **neysluvatn** var starfshópur skipaður af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að vinna að endurskoðun á reglum um neysluvatn. Tillaga framkvæmdastjórnarinnar hefur verið til umfjöllunar á þeim vettvangi.

Á sviði **orkumála** voru haldnir fundir með ESB til að ræða sérstaklega kröfur Íslands um undanþágur frá tilskipun um orkunýtni bygginga. Þar var afstaða Íslands sett fram. Málinu var ekki lokið í lok árs 2018, en búast má við fundi með ESB í byrjun árs 2019.

Viðræður á sviði **loftslagsmála** um fyrirkomulag um sameiginleg losunarmarkmið fram til 2030 fóru fram milli Íslands, Noregs og ESB á árinu 2018. Þar var gert ráð fyrir að Ísland og Noregur tækju upp meginreglugerðir ESB um losun gróðurhúsalofttegunda og losunarbókhald, sem og reglugerð um viðskiptakerfi um losunarheimildir (ETS), sem ríkin hafa nú þegar tekið inn á grunni EES-samningsins. Gert er ráð fyrir að samkomulag liggi fyrir á árinu 2019.

Á **samgöngusviðinu** voru haldnir fundir með fulltrúum aðildarríkja ráðsins og fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar. Varðandi endurskoðun á flugöryggisstofnun Evrópu (European Aviation Safety Agency) var ný reglugerð samþykkt í júní 2018 og hefur hún tekið gildi sem reglugerð (ESB) 2018/1139. Brugðist var við helstu áhyggjum íslenskra stjórnvalda í þríhliða samningaviðræðum og við gerð lokabreytinga á reglugerðinni. Unnið er að tillögum að aðlögun vegna upptöku á vettvangi EFTA og jafnframt að frumvarpsvinnu vegna innleiðingar.

Á sviði **samkeppnismála** var haldið áfram að vinna að því innan EFTA-samstarfsins að finna lausn á tveggja stoða vanda í framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins sem rúmast innan ramma EES-samningsins og framkvæmdastjórn ESB telur fullnægjandi.

Í **endurskoðuðu fjarskiptaregluverki ESB** tryggðu EES EFTA-ríkin aðkomu sína að BEREC (Body of European Regulators for Electronic Communications) í samræmi við EES-samninginn. Til þess að ná tilsettum árangri hafa EFTA-ríkin innan EES sent fjögur álit til ESB frá árinu 2013. Þetta hefur verið gert meðal annars til að undirstrika að það sé aðeins við upptöku gerða í EES-samninginn sem ákvörðun eigi að taka um þátttöku Íslands, Liechtenstein og Noregs í stofnunum ESB.

Varðandi **net- og upplýsingaöryggi** er helst að nefna að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra mælti í desember 2018 fyrir frumvarpi til laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða á Alþingi (416. mál, þskj. 557 á 149. löggjafarþingi, 2018-19), er felur í sér innleiðingu á efnisákvæðum netöryggistilskipunar ESB nr. 2016/1148 (NIS-tilskipunin). EFTA-ríkin innan EES sendu ESB álit um tillögu framkvæmdastjórnarinnar að nýrri reglugerð um netöryggisstofnun Evrópu (European Union Agency for Network and Information Security), um samræmt vottunarkerfi yfir nettengda hluti í júní 2018, þ.e. COM(2017) 477.

Þann 6. nóvember 2018 voru ræddar á árlegum fundi ráðherra fjármála- og efnahagsmála í ríkjum ESB og EFTA þær breytingar og áskoranir sem eru að verða í umhverfi fjármálastofnana með tilkomu **fjártækni (FinTech)** og þörfin fyrir að aðlaga regluverk ESB/EES vegna þess. Fjármála- og efnahagsráðherra fór yfir áherslur Íslands varðandi hið lagalega umhverfi fjármálafyrirtækja.

Fylgst var náið með **endurskoðun ESB á evrópskum** fjármálastofnunum og EES EFTA-álit var sent ESB í apríl 2018. Á EES-ráðsfundi þann 23. maí 2018 undirstrikaði utanríkisráðherra mikilvægi þess að ef breytingar verða gerðar á regluverki evrópsku fjármálastofnananna verði að tryggja áframhaldandi fullan aðgang EES EFTA-ríkjanna að stjórn stofnananna, þó án atkvæðisréttar. Sjónarmiðum Íslands var einnig komið á framfæri við einn varaformanna framkvæmdastjórnar ESB, sem stýrir meðal annars

málefnum fjármálastöðugleika, fjármálaþjónustu og fjármagnsmarkaða. Sömu sjónarmiðum var jafnframt komið á framfæri við Evrópuþingið.

Undirbúningur að næstu **rannsóknar- og nýsköpunaráætlun**, *Horizon Europe*, eftir 2020 er hafinn. Ísland sendi inn álit um tillögu að nýrri áætlun til framkvæmdastjórnar ESB og ráðsins sumarið 2017, þar sem meðal annars var lögð áhersla á gæði í vísindum og nýsköpun, opin vísindi/nýsköpun og að auka áhrif rannsóknar- og nýsköpunarstarfsemi. Tillaga framkvæmdastjórnar ESB að nýrri rannsóknar- og nýsköpunaráætlun fyrir árin 2021-2027, *Horizon Europe*, kom út vorið 2018. Í framhaldi sendi Ísland Evrópuþinginu og ráðinu tillögu að breytingum á texta reglugerðarinnar sem undirstrikaði mikilvægi þess að löndin hefðu fullan aðgang að allri áætluninni í samræmi við EES-samninginn. Haustið 2018 sendu EES EFTA-ríkin sameiginlegt álit til fyrrnefndra stofnana til þess að undirstrika helstu áhersluatriðin.

Í tengslum við mótnu næstu **áætlunar ESB á sviði menntunar, æskulýðsmála og íþróttar** lét mennta- og menningarmálaráðuneytið framkvæma mat á áhrifum Erasmus+ áætlunarinnar á Íslandi og skilaði skýrslu til framkvæmdastjórnar ESB vorið 2017. Í tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem var birt vorið 2018 er að finna samhljóm með helstu áherslumálum Íslands. Á hagsmunafundi með Evrópuþinginu í október 2018 lýsti fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis í Brussel yfir ánægju Íslands með stöðugleika í framkvæmd áætlunarinnar og kom helstu áherslum Íslands á framfæri. Einnig sendu EES EFTA-ríkin sameiginlegt álit í október 2018 þar sem meðal annars var lögð áhersla á þessa þætti. Þá hafa EES EFTA-ríkin sent inn sameiginlegt álit um nýja samstarfsáætlun á sviði sjálfbærniástarfs og starfsþjálfunar sem kallast European Solidarity Corps, en stefnt er að þátttöku Íslands í áætluninni frá árinu 2019.

Mótnu nýrrar kynslóðar **menningaráætlunar ESB**, Creative Europe, er hjá Evrópuþinginu og ráðinu. Ísland studdi þær breytingar sem fram komu og lutu meðal annars að einfaldara og skilvirkara úthlutunarkerfi og áherslu á lýðræðisþátttöku og samþættingu lista/menningar við önnur svið samfélagsins.

Varðandi **betri reglur** fylgjast EFTA-vinnuhóparnir með og fjalla um þá löggjöf sem sætir endurskoðun innan ESB hverju sinni. Því er reynt að tryggja að sérfræðingar úr íslensku stjórnsýslunni fái vitneskju um endurskoðun löggjafar á þeirra sviði.

Mikil vinna við að heimila **rafræna fylgiseðla með lyfjum** innan EES-svæðisins átti sér stað á árinu 2018. Áherslum Íslands hefur markvisst verið komið á framfæri við framkvæmdastjórnina, á fundum forstjóra lyfjastofnana Norðurlandanna og við flesta forstjóra innan ESB á vettvangi Lyfjastofnunar Evrópu (European Medicinal Agency). Heilbrigðisráðherra tók málið einnig upp hjá norrænu ráðherranefndinni og embættismenn tóku það upp á sama vettvangi. Loks var málið tekið upp á sérstakri vinnustofu lyfjastofnunarinnar um málefnið í október 2018. Þá hélt Lyfjastofnun Evrópu sérstaka málstofu um rafrænar lausnir í heilbrigðismálum í nóvember 2018 og var þar m.a. rætt um rafræna fylgiseðla.

Fylgst var með tillögu um **útsenda starfsmenn** í gegnum vinnuhóp EFTA og Norðurlandasamstarfið. Tillagan var afgreidd hjá ESB á árinu 2018 og er upptökuferlið inn í EES-samninginn hafið.

Ísland tók þátt í fundum ráðgjafanefndar framkvæmdastjórnar ESB, sem sett var á fót á síðasta ári í tengslum við nýja **vinnumarkaðsstofnun**. Á EES-ráðsfundi 20. nóvember 2018 lýsti utanríkisráðherra ánægju með að útlit væri fyrir að stofnunin muni ekki taka bindandi ákvarðanir gagnvart EES-ríkjunum.

Varðandi tillögu um **jafnvægi milli fjölskyldu- og atvinnulífs** hafa EES EFTA-ríkin sent tvö álit til ESB. Utanríkisráðherra undirstrikaði á EES-ráðsfundi 20. nóvember 2018 að nauðsynlegt væri að nálægðareglan yrði í heiðri höfð og aðildarríki hefðu svigrúm til að ákveða hvaða ráðstafanir hentuðu best í hverju ríki.

Ísland hefur frá upphafi aðildar að EES-samningnum tekið virkan þátt í ESB nefndum um **almannatryggingar** og fylgst náið með þróun á tillögu að breytingum á reglugerðum um samhæfingu almannatryggingakerfa aðildarríkjanna. Einnig er málið efst á baugi hjá EFTA-vinnuhópnum um almannatryggingar.

Tillögu um bætt aðgengi **fatlaðra að vörum og þjónustu** var einnig fylgt eftir og ákvörðun tekin um málið hjá ESB árið 2018.

Góð reynsla er af því að halda utan um ramma þeirra EES-mála sem eru í forgangi og hefur það gert samstarf Íslands og ESB skilvirkara, bætt samstarf stjórnvalda og verið leiðarvísir í starfsemi Íslands í Brussel. Lagasetningarferill ESB er langur og þegar er farið að sjá árangur þessarar vinnu á sumum sviðum.

Markvisst verður haldið áfram að vinna að hagsmunum Íslands með hliðsjón af nýjum forgangslista fyrir árið 2019. Kosið verður til Evrópuþingsins á árinu 2019 og ný framkvæmdastjórn tekur til starfa haustið 2019. Þessi vatnaskil eru því einstakt tækifæri þar sem framkvæmdastjórnin er að vinna að því að setja fram vinnuáætlun sína fyrir næstu fimm ár.